

Hverfissjóður Reykjavíkurborgar

Úthlutunarreglur

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gera íbúum Reykjavíkurborgar kleift að hafa frumkvæði að hverfistengdum verkefnum sem stuðla að einhverju af eftirtöldu; fegurri ásýnd borgarhverfa Reykjavíkurborgar; auknu öryggi íbúa og annarra sem leið eiga um borgarhverfin; auðgun mannlífs og auknu samstarfi íbúa, félagasamtaka eða fyrirtækja við borgarstofnanir í hverfum. Sjá nánari lýsingu á hverjir geta sótt um styrk í sjóðinn í 6. gr.

2. gr.

Styrkurinn er greiddur í tveimur hlutum. Annars vegar við undirritun og hins vegar þegar greinargerð hefur verið skilað sbr. 9. gr. Verkefnið skal unnið á því almanaksári sem styrkurinn er veittur.

3. gr.

Stjórn Hverfissjóðs hefur umsjón með sjóðnum og sér um að auglýst sé eftir umsóknum að minnsta kosti einu sinni á ári. Umhverfis- og skipulagssvið heldur utan um auglýsingar.

4. gr.

Styrkirnir skulu greiddir út í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki.

5. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins reksturs eða reglubundins launakostnaðar Ekki eru veittir styrkir til sama verkefnis oftar en einu sinni nema sérstakur rökstuðningur fylgi.

6. gr.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum.

7. gr.

Umsækjendur sækja um styrki úr sjóðnum með því að fylla út eyðublöð á vef Reykjavíkurborgar. Í umsóknum um styrki skal taka fram nafn, kennitölu og heimilisfang ábyrgðaraðila. Umsóknum skal fylgja greinargerð um viðkomandi verkefni, markmið þess og framgang. Leggja skal fram kostnaðaráætlun og gögn þar að lútandi. Hafi umsækjendur áður fengið styrk frá Reykjavíkurborg skal fylgja greinargerð með upplýsingum um upphæð styrksins, ráðstöfun og nýtingu fjármuna.

8. gr.

Komi í ljós að vikið hafi verið frá upplýsingum í umsókn, skal styrkþegi endurgreiða styrkinn í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar. Sé samningur ekki undirritaður tveimur mánuðum eftir úthlutun fellur styrkurinn niður.

9. gr.

Styrkþegar skulu skila Reykjavíkurborg greinargerð um ráðstöfun styrksins. Greinargerð skal skilað á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Reykjavíkurborgar, þegar viðkomandi verkefni er að fullu lokið í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar

10. gr.

Styrkþegar skulu ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum.